

Eftirlit - Hættulegar vörur til þrifa bifreiða – Bauhaus

Dagsetning	11.4.2022
Fyrirtæki	BAUHAUS slhf.
Heimilisfang	Lambhagavegi 2-4, 113 Reykjavík
Kennitala	7004080780
Starfsemi	Smásala á járn- og byggingavöru í sérvslunum
Eftirlitsstaður	Lambhagavegi 2-4, 113 Reykjavík
Fulltrúi fyrirtækis á vettvangi	Ágústa Ýr Írisardóttir
Eftirlitsmenn	Fífa Konráðsdóttir og Bergdís Björk Bæringsdóttir
Tegund eftirlits	Efnaeftirlit
Tengiliður fyrirtækis	Daniel Sigurðsson Glad

SAMANTEKT

Umhverfisstofnun fór í eftirlit með efnavörum hjá BAUHAUS slhf. þann 11.4.2022. Skoðuð var varan Rotskydd Corro Protect - Rust protection (svart) sem reyndist ekki uppfylla kröfur sem settar eru fram í þeim lögum og reglugerðum sem falla undir umfang eftirlitsins.

MERKING HUGTAKA OG SKAMMSTAFANIR

Merking eftirfarandi hugtaka og skammstafana sem notuð eru í skýrslunni er sem hér segir:

CLP: Reglugerð (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og efnablandna sem innleidd er í reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna¹.

Hættuflokkun/flokkun: Flokkun skv. viðeigandi ákvæðum CLP um mat á þeim áhættum sem fylgja notkun tiltekins efnis eða efnablöndu.

REACH: Reglugerð (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni sem innleidd er í reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH)².

MERKING

Í 32. gr. efnalaga, 4. gr. reglugerðar nr. 415/2014 og 1. kafla III. bálks í CLP eru ákvæði um merkingar efnavara. Af þeim ákvæðum leiðir að birgjar skulu tryggja að efni og efnablöndur sem eru tilbúin til notkunar séu merkt í samræmi við hættuflokkun þeirra. Texti merkinganna er varðar hættusetningar,

¹ Samsett reglugerð nr. 415/2014 á vef Umhverfisstofnunar: <https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Efni/Flokkun-og-merkingar/samsett-reglugerd-nr-415-2014.html>

² Samsett reglugerð nr. 888/2015 á vef Umhverfisstofnunar: <https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Efni/REACH/samsett-reglugerd-nr-888-2015.html>

varnaðarsetningar og viðvörunarorð skal vera á íslensku með ákveðnum undantekningum sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar nr. 415/2014 en eiga ekki við um þær vörur sem hér eru til skoðunar.

Eftirfarandi atriði þurfa að koma fram á merkimiða í samræmi við framangreindar kröfur sbr. neðan- greindar vísanir í einstök ákvæði CLP.

- Nafn, heimilisfang og símanúmer birgjis eða birgja í samræmi við a)-lið 1. mgr. 17. gr. Birgir er skilgreindur sem framleiðandi, innflytjandi, eftirnotandi eða dreifingaraðili sem setur á markað efni, eitt sér eða í blöndu, eða setur blöndu á markað.
- tilgreint magn efnisins eða blöndunnar í vöru sem er tiltæk almenningi (t.a.m. rúmmál) í samræmi við b)-lið 1. mgr. 17. gr.
- Vörukenni í samræmi við c)-lið 1. mgr. 17. gr. og 18. gr. Vörukenni eru upplýsingar sem gera kleift að bera kennsl á efnið eða blönduna.
 - Í tilfelli efnis: efnaheiti og CAS/EB(EC) númer þess.
 - Í tilfelli blöndu: vöruheiti og heiti allra þeirra efna í blöndunni sem hafa áhrif á flokkun hennar að því er varðar bráð eiturhrif, húðætingu eða alvarlegan augnskaða, stökkbreytandi áhrif á kímfrumur, krabbameinsvaldandi áhrif, eiturhrif á æxlun, næmingu öndunarfæra eða húðnæmingu, sértæk eiturhrif á marklíffæri (SEM) eða ásvelgingarhættu.
- Hættumerki í samræmi við d)-lið 17. gr. og 19. gr. og töflu 1.3 í lið 1.2.1.4 í I. viðauka.
- Viðvörunarorð (*Varúð* eða *Hætta*) í samræmi við e)-lið 17. gr. og 20. gr.
- Hættusetningarnar í samræmi við f)-lið 17. gr. sbr. 21. gr.
- Varnaðarsetningarnar í samræmi við g)-lið 17. gr. sbr. 22. gr.
- Reitur fyrir viðbótarmerkingar ef við á sbr. 17. gr. og 25. gr.

Fylgja skal töflu 1 varðandi stærð hættumerkinga og rými á umbúðum undir þær.

Tafla 1: Kröfur um lágmarksstærð merkimiða og hættumerkja. Taflan samsvarar töflu 1.3 í lið 1.2.1.4 í I. viðauka við CLP með síðari breytingum.

Rúmmál umbúðanna	Stærð merkimiðans (mm)	Stærð hvers hættumerkis (mm)
ekki umfram 3 lítra	a.m.k. 52 × 74, ef unnt er	ekki minna en 10 × 10 a.m.k. 16 × 16, ef unnt er
meira en 3 lítrar en ekki meira en 50 lítrar	a.m.k. 74 × 105	a.m.k. 23 × 23
meira en 50 lítrar en ekki meira en 500 lítrar	a.m.k. 105 × 148	a.m.k. 32 × 32
meira en 500 lítrar	a.m.k. 148 × 210	a.m.k. 46 × 46

ATH: Við mælingu á stærð hættumerkis skal miða við lengd á hliðum merkisins eins og sýnt er á mynd 1 sbr. kafla 4.3.2 í leiðbeiningarriti ECHA um merkingar og umbúðir í samræmi við CLP.³

ÖRYGGISLOK

Ákvæði um barnheld öryggislok er að finna í lið 3.1 í II. viðauka CLP. Skyld er að setja öryggislok á umbúðir vöru sem flokkast m.t.t. eftirfarandi flokka (viðeigandi hættusetningar fylgja í sviga):

- bráð eiturrif - 1. til 3. undirflokkur (H300, H301, H302, H310, H311, H330, H331).
- sértæk áhrif á marklíffæri (SEM) - 1. undirflokkur (H370, H372).
- ásvelgingarhætta - 1. undirflokkur (H304).
- húðæting - 1. undirflokkur (H314).
- Einnig á vörur með metanóli (3% eða meira) eða díklórmetani (1% eða meira).

Fylgja skal staðlinum EN ISO 8317 á endurlokanlegar umbúðir og CEN EN 862 á umbúðir sem eru ekki endurlokanlegar þegar nota skal barnheld öryggislok.

ÁÞREIFANLEGAR VIÐVARANIR


Ákvæði um áþreifanlegar viðvaranir er að finna í lið 3.2 í II. viðauka CLP. Skyld er að setja áþreifanlega viðvörðun á umbúðir vöru sem flokkast m.t.t. eftirfarandi flokka (viðeigandi hættusetningar fylgja í sviga):

- bráð eiturrif - 1. til 4. undirflokkur (H300, H301, H302, H310, H311, H312, H330, H331, H332).
- húðæting (H314).
- stökkbreytandi áhrif á kímfrumur - 2. undirflokkur (H341).
- krabbameinsvaldandi áhrif - 2. undirflokkur (H351).
- eiturrif á æxlun - 2. undirflokkur (H361).
- næming öndunarfæra (H334).
- sértæk áhrif á marklíffæri (SEM) - 1. og 2. undirflokkur (H370, H371, H372, H373).
- ásvelgingarhætta (H304).
- eldfimar lofttegundir, vökvar og föst efni - 1. og 2. undirflokkur (H220, H221, H224, H225, H228).

Áþreifanlegar viðvaranir skulu uppfylla kröfur staðalsins EN ISO 11683 með áorðnum breytingum.

ÖRYGGISBLÖÐ

Um öryggisblöð er fjallað í 30. gr. efnalaga nr. 61/2013, 5. gr. reglugerðar nr. 888/2015 og 31. gr. REACH. Kröfur um samantekt öryggisblaða er að finna í II. viðauka við REACH með síðari breytingum.



³ Guidance on labelling and packaging in accordance with Regulation (EC) No 1272/2008 á vef ECHA (PDF): https://echa.europa.eu/documents/10162/23036412/clp_labelling_en.pdf/89628d94-573a-4024-86cc-0b4052a74d65

Öryggisblöð skulu fylgja efnavörum sem flokkast sem hættulegar skv. ákvæðum reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna⁴. Þau skulu vera á íslensku eða ensku (það athugast að skv. 5. gr. reglugerðar nr. 888/2015 er einungis heimilt að öryggisblöð séu á íslensku en reglugerðinni hefur ekki verið breytt eftir að heimild til að hafa öryggisblöð á ensku var bætt við efnalög þann 1. júlí 2019 með lögum nr. 72/2019). Kröfur um innihald og form öryggisblaða eru settar fram með ítarlegum hætti í II. viðauka við REACH. Aðgengilegast er að nálgast viðaukann með síðari breytingum á íslensku í þýðingu reglugerðar (ESB) 2020/878 á vef EFTA.⁵

Öryggisblöð eiga að gera lesanda þeirra grein fyrir hættu sem stafar af efni eða blöndu og upplýsa um örugga geymslu, meðhöndlun og förgun efnisins eða blöndunnar. Öryggisblöð skulu vera í 16 liðum með mismörgum undirliðum eins og nánar er útlistað í framangreindum viðauka. Meðal þess sem koma skal fram í öryggisblöðum er:

- upplýsingar um viðeigandi og tilgreinda notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá (liður 1.2),
- símanúmer Eitrunarmiðstöðvar LSH (liður 1.4),
- flokkun efnisins eða blöndunnar skv. flokkunarviðmiðum í reglugerð (EB) nr. 1272/2008 (liður 2.1),
- merkingaratriði í samræmi við flokkunina sem birta skal á umbúðum vörunnar (liður 2.2),
- ýmsar upplýsingar um innihaldsefni í tilfelli efnablandna (liður 3.2),
- viðeigandi persónuhlífar við vinnu með vöruna (liður 8.2.) og margt fleira.

Fyrir heildarlýsingu krafna til innihalds öryggisblaða vísast sem fyrr segir í II. viðauka við REACH. Í þessu eftirliti voru öryggisblöð rýnd með tilliti til krafna hvað varðar liði 1, 2, 3 og 16 með undirliðum sbr. nánari útlistun að neðan auk þess sem kannað var hvort þau innihéldu alla liði sem skylda er skv. B-hluta II. viðauka við REACH.

Eftirfarandi atriði skulu koma fram í öryggisblöðum í viðeigandi undirliðum eins og viðaukinn mælir fyrir um. Athugið að hér er aðeins útlistaður sá hluti krafanna sem tekinn var til skoðunar í þessu eftirlitsverkefni og að einungis er fjallað um kröfur sem snúa að efnablöndum þar sem umfang eftirlitsins nær ekki til hreinna efna.

1. LIÐUR: Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni í samræmi við kröfur CLP sem lýst var hér að ofan undir kaflanum um *Merkingar*.

1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá. Hér skal koma fram stutt lýsing á fyrirhugaðri notkun efnisins/blöndunnar (dæmi: *hreinsiefni fyrir gler og plast*) og hér skal birgirn taka fram hvaða notkun hann mælir gegn og ástæður þess eftir atvikum. Skrá yfir notkun sem mælt er gegn þarf ekki að vera tæmandi.

1.3 Upplýsingar um birgi öryggisblaðsins. Undir þessum lið skulu koma fram fullt heimilisfang og símanúmer birgisins, auk tölvupósts þar til bærs aðila sem ber ábyrgð á öryggisblaðinu. Birgir getur í þessu samhengi vísað til framleiðanda, innflytjanda, staks fulltrúa, eftirnotanda eða dreifingaraðila.

1.4 Neyðarsímanúmer. Á öryggisblöðum skal koma fram símanúmer Eitrunarmiðstöðvar Landspítala: 543 2222. Til viðbótar má gefa upp almenna neyðarnúmerið 112, en það getur ekki komið í stað símanúmers Eitrunarmiðstöðvar.

⁴ Samsett reglugerð nr. 415/2014 á vef Umhverfisstofnunar: <https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Efni/Flokkun-og-merkingar/samsett-reglugerd-nr-415-2014.html>

⁵ Íslensk þýðing II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (REACH) á vef EFTA: <https://www.efta.int/sites/default/files/documents/legal-texts/eea/other-legal-documents/translated-acts/icelandic/i32020R0878.pdf>

2. LIÐUR: Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar. Hér skal koma fram flokkun blöndunnar í samræmi við CLP sem lýst var hér að ofan undir kaflanum um *Flokkun*.

2.2 Merkingaratriði. Undir þessum lið skal tilgreina merkingaratriði í samræmi við ákvæði CLP og hættuflokkun blöndunnar. Hér skulu því koma fram: hættumerki, viðvörðunarröð, hættusetning eða -setningar og varnaðarsetning eða -setningar eftir því sem við á. Nánari útlistun á merkingaratriðum má sjá hér að ofan undir kaflanum *Merking*.

2.3 Aðrar hættur. Hér skal upplýsa um hvort blandan uppfyllir viðmið um svokallaða PBT-eiginleika (þ.e. inniheldur efni sem eru þrávirk, safnast fyrir í lífverum og eru eitruð) eða vPvB-eiginleika, (þ.e. inniheldur efni sem eru mjög þrávirk og safnast fyrir í lífverum í miklum mæli). Hér skal einnig veita upplýsingar um aðrar hættur sem ekki teljast til flokkunareiginleika en geta átt þátt í þeim heildarhættum sem stafa af blöndunni.

3. LIÐUR: Samsetning innihaldsefna/upplýsingar um innihaldsefni

3.2 Blöndur. Athugið að undirfyrirsögnin *3.1 Efni* er sú eina sem heimilt er að sleppa í öryggisblöðum fyrir efnablöndu. Þegar um hrein efni er að ræða er sá liður notaður en þessum lið, *3.2 Blöndur*, sleppt í staðinn. Undir þessum lið skulu koma fram margvíslegar upplýsingar varðandi tiltekin innihaldsefni blöndunnar. Birgjum er heimilt að skrá upplýsingar um öll efnin í blöndunni ef þeir kjósa svo en skylt er að veita upplýsingar um ákveðin innihaldsefni sem hér segir.

- Ef blandan flokkast sem hættuleg:
 - efni sem flokkast sem hættuleg ef styrkur þeirrar er meiri en ýmis styrkleikamörk sem tilgreind eru nánar í lið 3.2.1.a) í A-hluta II. viðauka við REACH
 - efni sem falla undir viðmiðunarmörk fyrir váhrif á vinnustöðum sbr. reglugerð nr. 533/2004 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum⁶
 - efni með PBT- eða vPvB-eiginleika sbr. framangreint eða sem eru á listanum yfir efni sem kunna að verða skráð í XIV. viðauka (e. candidate list)
- Ef blandan flokkast ekki sem hættuleg:
 - efni sem eru í blöndunni í styrk sem nemur 1% miðað við þyngd í blöndum sem ekki eru loftkenndar og 0,2% miðað við rúmmál í loftkenndum blöndum ef viðkomandi efni
 - er hættulegt heilbrigði manna eða umhverfi í skilningi CLP
 - fellur undir viðmiðunarmörk fyrir váhrif á vinnustöðum
 - efni í blöndunni í styrk sem nemur 0,1% ef þau búa yfir PBT- eða vPvB-eiginleikum sbr. framangreint eða eru á listanum yfir efni sem kunna að verða skráð í XIV. viðauka (e. candidate list)

Fyrir framangreind innihaldsefni skal skrá:

- Heiti efnisins
 - REACH skráningarnúmer (sjá nánari umfjöllun í næsta hluta skýrslunnar)
 - EB-númer (e. EC number) ef það liggur fyrir
 - Styrk með
 - a) nákvæmum hundraðshlutum af massa eða rúmmáli í lækandi röð, ef tæknilega mögulegt,
 - b) hundraðshlutableilum af massa eða rúmmáli í lækandi röð, ef tæknilega mögulegt.
- Ef notuð eru hundraðshlutableil skal hættuflokkun blöndunnar miðast við hæsta styrk hvers innihaldsefnis.

⁶ Samsetta reglugerð nr. 533/2004 með áorðnum breytingum má nálgast á vef Vinnueftirlitsins: <https://www.vinnueftirlit.is/log-reglur-og-stadlar/reglur-og-reglugerdir/>

- Flokkun efnisins skv. CLP, þ.m.t. kóða fyrir hættuflokk eða -flokka og undirflokk eða -flokka og hættusetningar eða kóða þeirra. Ef notaður er kóði setninganna skal vísa í 16. lið Öryggisblaðsins og skrá þar orðréttan texta hvernar viðkomandi hættusetningar. Ef efnið hættuflokkast ekki skal leggja fram ástæðu þess að efnið er tilgreint í lið 3.2.

16. LIÐUR: Aðrar upplýsingar

Hér skulu koma fram aðrar upplýsingar sem ekki eru teknar með í 1. til 15. lið t.a.m. um endurskoðun Öryggisblaðsins. Meðal þess sem koma skal fram undir þessum lið er:

- Upplýsingar um breytingar frá fyrri útgáfu ef um endurskoðað öryggisblað er að ræða og, ef við á, skýringar á breytingunum nema greint hafi verið frá þeim annars staðar í blaðinu.
- Orðréttur heildartexti hættu- og/eða varnaðarsetninga sem vísað hefur verið til annars staðar í Öryggisblaðinu hafi þær ekki verið ritaðar fullum fetum í 2. til 15. lið.
- Tilvísanir í aðalheimildir og viðeigandi gögn.
- Í tilfelli blöndu skal tilgreina hver af aðferðunum sem lýst er í rammanum undir *Flokkun* hér að framan var notuð til hættuflokkunar blöndunnar.

UMFANG EFTIRLITS

Umhverfisstofnun vísar í bréf stofnunarinnar, dags. 11.4.2022, þar sem kynnt var eftirlitsverkefni með efnavörum, nánar tiltekið hættulegum vörum til þrifa og viðhalds bifreiða, sbr. hlutverk Umhverfisstofnunar með framkvæmd efnalaga nr. 61/2013. Eftirlitið fór fram sama dag og var markmið þess að skoða hvort flokkun og merkingar vörunnar sem féll undir umfang eftirlits væri í samræmi við núgildandi reglugerðir og hvort umbúðir vörunnar uppfylli kröfur reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna sem innleiðir CLP. Einnig var skoðað hvort öryggisblöð fyrir vöruna samræmist kröfum reglugerðar nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH).

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eftirtalin vara sem fellur undir umfang eftirlitsins var skoðuð:

Vara	Strikamerki
Rotskydd Corro Protect - Rust protection (svart) – 1L	7314890210504 (Vörunr. 21050)

FRÁVIK⁷

Vara	Lýsing	Birgir ⁸
Rotskydd Corro Protect - Rust protection (svart) – 1L	1. Skv. 4. gr. reglugerðar nr. 415/2014 skulu merkingar á umbúðum efna og efnablandna vera á íslensku. Eftirfarandi merkingaratriði þarf að lagfæra á umbúðum varanna, sem til	Bauhaus

⁷ Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í lögum eða reglugerðum

⁸ Framleiðandi, innflytjandi, eftirnotandi eða dreifandi með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu sem setur efni á markað, hvort sem það er hreint, í efnablöndu eða í hlutum.

	<p>eru á vörulager fyrirtækis sbr. vísanir í einstök ákvæði CLP:</p> <ol style="list-style-type: none"> a. Nafn, heimilisfang og símanúmer birgis eða birgja í samræmi við a)-lið 1. mgr. 17. gr. b. <i>Vörukenni</i> sbr. c)-lið 1. mgr. 17. gr. en vörukenni fyrir efnablöndu skal, auk viðskiptaheitis vörunnar, innihalda <i>auðkenningu þeirra efna sem hafa áhrif á flokkun</i> hennar að því er varðar tiltekna hættuflokka (m.a. húðætingu og alvarlegan augnskaða líkt og á við um framangreind innihaldsefni – sjá nánar í kaflanum um <i>Umfang</i>) sbr. b)-lið 3. mgr. 18. gr. c. <i>Úrelt hættumerki sem þarf að uppfæra</i> í samræmi við d)-lið 1. mgr. 17. gr., 19. gr. og töflu 1.3 í lið 1.2.1.4 í I. viðauka d. <i>Viðvörunarorð</i> sbr. e)-lið 1. mgr. 17. gr. og 20. gr. e. <i>Hættusetningar</i> í samræmi við hættuflokkun sbr. f)-lið 1. mgr. 17. gr. og 21. gr. f. <i>Varnaðarsetningar</i> í samræmi við hættuflokkun sbr. g)-lið 1. mgr. 17. gr. og 22. gr. g. <i>Áþreifanlega viðvörun</i> í samræmi við hættuflokkun (H225) sbr. lið 3.2 í II. Viðauka CLP. <p>2. Skv. 2. mgr. 30. gr. efnalaga nr. 61/2013 skulu öryggisblöð vera á íslensku eða ensku. Athugið að í öryggisblöðum á ensku þarf engu að síður að staðfæra upplýsingar, t.a.m. hvað varðar neyðarþjónustu undir lið 1.4 þar sem símanúmer Eitrunarmiðstöðvar – 543 2222 – skal koma fram. Skila þarf öryggisblaði á íslensku eða ensku sem uppfyllir kröfur í II. viðauka við REACH.</p>	
--	--	--

ÁBENDINGAR

UFI-kóði

Við minnum á UFI-kóðann sem var innleitt sem merkingaratriði skv. CLP frá 1. janúar 2021, í því skyni að eitrunarmiðstöðvar geti auðveldlega greint tiltekna blöndu í neyðartilvikum:

<https://ust.is/atvinnulif/efni/flokkun-og-merking/ufi-kodar-fyrir-efnablondur/>

Verkfæri til að auðvelda hættumerkingar

Vakin er athygli á því að á vefsíðu Umhverfisstofnunar má nálgast verkfæri sem útbúið var af stofnuninni til að auðvelda þeim sem vinna við gerð umbúðarmerkinga skv. reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna að fletta upp stöðluðum texta hættu- og varnaðarsetninga. Verkfærið má nálgast á eftirfarandi slóð:

<https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Efni/Flokkun-og-merkingar/haettumerkingar-efnavara-verkfaeri.html>

Reykjavík, 12.5.2022

Fífa Konráðsdóttir